

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2004

frá 19. mars 2004

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2003 frá 5. desember 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/95/EB frá 27. október 2003 um breytingu á tilskipun 96/77/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32003 L 0095**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/95/EB frá 27. október 2003 (Stjtið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 71).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/95/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. mars 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 71.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.